

## REGLUR

### Hjónavígslur í Ráðhúsi

Hægt er að leigja rými fyrir hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um er að ræða tvo sali á þriðju hæð í norðurhluta Ráðhússins, Turn og Tjarnarbúð ásamt rými í Tjarnarsal. Salir fyrir hjónavígslur eru til leigu mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga milli kl. 10:00-15:00.

#### 1.

Viðburðastjórn Ráðhúss er tengiliður fyrir leigu á sölum Ráðhúss fyrir hjónavígslur, og heldur utan um umsóknir og afgreiðslu þeirra.

#### 2.

Fulltrúi viðburðastjórnar aðstoðar leigutaka við uppsetningu rýmis, dúkar og kertastjakar eru innifalin í leigu. Leiguverð er 30.000 kr. auk vsk á virkum dögum en 40.000 kr auk vsk á laugardögum.

#### 3.

Leigutaki annast alla skipulagningu, aflar nauðsynlegra leyfa og útveggar vígsluaðila og votta. Fulltrúi viðburðastjórnar er á staðnum á meðan á athöfn stendur.

#### 4.

Athöfnin taki að hámarki eina klukkustund og fer fram standandi. Ekki verði fleiri en 50 gestir viðstaddir vígsluna. Aðgengi er tryggt fyrir öll.

#### 5.

Leyfilegt er að skála að athöfn lokinni, ekki er leyft að vera með hrísgrjón, sápukulur, glitpappír (konfetti) og þess háttar. Hægt er að leigja glös í Ráðhúsi sé þess óskað skv. gjaldskrá.

#### 6.

Reglur þessar taka gildi þann 15. maí 2023. Umsjón og umsýsla með þessum reglum er hjá viðburðastjórn Ráðhúss og eru þær staðfestar af Forsætisnefnd.